

Tillaga til lagabreytinga

– Fjölgun liða í efstu deild karla –

Grein 33 í lögum KSÍ**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á grein 33 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 33:

IX. KNATTSPYRNUMÓT**33. grein - Knattspyrnumót**

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð ~~14~~¹² liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

Ávæði til bráðabirgða 2021

33.1.1. Efsta deild karla skal skipuð 12 liðum árið 2021. Efsta deild karla skal skipuð 14 liðum árið 2022. Í efstu deild karla árið 2022 leika 14 lið – þau lið sem hafna í 1.-11. sæti í efstu deild karla 2021 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 1. deild karla 2021. Í 1. deild karla árið 2022 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í efstu deild karla 2021, þau lið sem hafna í 4.-11. sæti í 1. deild karla 2021 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 2. deild karla 2021. Í 2. deild karla árið 2022 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í 1. deild karla 2021, þau lið sem hafna í 4.- 11. sæti í 2. deild karla 2021 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 3. deild karla 2021. Í 3. deild karla árið 2022 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í 2. deild karla 2021, þau lið sem hafna í 4.- 11. sæti í 3. deild karla 2021 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 4. deild karla 2021. Í 4. deild karla árið 2022 leika þau lið, sem ekki eiga sæti í fjórum efstu deildunum.

Greinargerð

Lagt er til að liðum í efstu deild karla fjölgi úr 12 í 14 lið keppnistímabilið 2022. Keppnistímabilið 2021 fellur aðeins eitt lið úr efstu deild karla. Úr 1.- 4. deild karla fara þrjú lið upp úr hverri deild og eitt lið fellur úr hverri deild (sjá nánar á skýringamynd hér að neðan). Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst hugsað til þess að fleiri ungir íslenskir leikmenn fái tækifæri til að spila í meistaraflokki og fái þannig meiri spiltíma. Myndi það efla íslenska knattspyrnu til framtíðar. Samhliða myndu þannig fleiri leikmenn fá betri leiki. Félög á landinu, í 1.-4. deild, fá aukið svigrúm til endurskipulagningar á sínum rekstri í ljósi þess að færri lið falla milli deilda en áður. Í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis, og fyrirsjáanlegu framhaldi á því, er mikilvægt að félögin fái tækifæri til að skoða rekstur sinn og stefnur. Samhliða því munu fleiri félög eiga möguleika á því að klífa upp milli deilda og komast þannig í auknar tekjur. Slíkt myndi leiða af sér betri og faglegri umgjörð sem er félögum til mikilla hagsbóta.

Útfærsla tillögu

Árið 2022 yrði Pepsi Max 14 liða deild

Áfram tvöföld umferð með sama leikjafyrirkomulagi.

	Fjöldi liða 2021	Falla 2021	Fara upp 2021	Fjöldi liða 2022
Pepsi Max	12	1	0	14
Lengjudeild	12	1	3	12
2. deild	12	1	3	12
3. deild	12	1	3	12
4. deild	Riðlakeppni	0	3	Riðlakeppni

Knattspyrnudeild Fram